

Fundargerð 12. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fimmtudaginn 5. mars 2015 kl. 10.30

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Verklagsreglur uppbyggingarsjóða
3. Frumvarp til laga um byggðaaætlun og sóknaráætlanir
4. Samráðsfundur 10. mars 2015
5. Önnur mál

Mættir: Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsdóttir (sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá var Aðalsteinn Óskarsson (landshlutasamtökunum) með á símafundi frá Hólmavík (frá kl. 11.00) og Hanna Dóra Másdóttir (ANR) kom á fundinn kl. 11.05, en hún mun taka við verkefnum Torfa í ANR.

Fjarverandi: Elvar Knútur Valsson (ANR), Heiður Björnsdóttir (VEL) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR)

Formaður setti fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Verklagsreglur uppbyggingarsjóða

Samkvæmt samningum um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019 skulu verklagsreglur landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna úthlutunar úr uppbyggingarsjóðum staðfestar af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Fyrir fundinn höfðu stýrihópnum borist verklagsreglur (úthlutunarreglur) frá SSA, SSNV og SSV. Jafnframt sendi SSA umsóknareyðublað, samningsform, matsblað og verkefnaskiptingu úthlutunarnefnda og fagráða.

Í 6. gr. samninga um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019 segir:

Landshlutasamtökin setja sér verklagsreglur vegna úthlutana úr sjóðnum. Í reglunum skal meðal annars koma fram hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir frá umsækjendum, hvað telst styrkhæfur kostnaður og hvaða viðmið gilda við mat verkefna. Jafnframt skal koma fram fyrirkomulag við útborgun styrkja og uppgjors verkefna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.

Farið var yfir gögnin meðal annars með hliðsjón af því sem fram kemur í samningnum og þau rædd.

Stýrihópurinn leggur áherslu á að allar umsóknir í uppbyggingarsjóði fari eftir sömu verklagsreglum. Ef um aðgreiningar verður að ræða þá þurfi þær að byggja á hlutlægum mælikvörðum. Mikilvægt er að það komi skýrt fram hvað telst vera styrkhæfur kostnaður. Rætt var um hvort ástæða sé fyrir landshlutasamtökin að skilgreina hvað felst í stofn- og rekstrarstyrkjum og hverjir geti sótt um slíka styrki.

Stýrihópurinn samþykkir verklagsreglur SSA með fyrirvara um að kveðið verði skýrar á um greiðslufyrirkomulag styrkja og að skýrt verði hvaða viðmið gilda við mat verkefna. Formanni og verkefnisstjóra falið að staðfesta verklagsreglurnar þegar fyrirvarar hafa verið uppfylltir. Þá þarf að koma formleg beiðni frá SSA um að Austurbrú annist umsýslu uppbyggingarsjóðsins.

Afgreiðslu verklagsreglna frá SSNV og SSV var frestað. Í þeim þarf meðal annars að kveða á um hvað telst til styrkhæfs kostnaðar og hvaða viðmið gilda við mat verkefna. Gerðar voru athugasemdir við að greint væri á milli menningarverkefna og atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Verkefnisstjóra falið að fara yfir það með viðkomandi framkvæmdastjórum, sem og nokkur önnur smávægilegri atriði. Stýrihópurinn mun kappkosta að staðfesta verklagsreglur eins fljótt og verða má eftir að þær berast.

Aðalsteinn mætti á fundinn, í síma frá Hólmavík, kl. 11.00. Hanna Dóra koma á fundinn kl. 11.05.

3. Frumvarp til laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir

Formaður fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpi til laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir og breyting á lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun frá síðasta fundi stýrihópsins. Gerðar voru lítilsháttar breytingar. Frumvarpið er enn á vinnslustigi og unnið er að athugasemdakaflanum. Frumvarpið verður sent landshlutasamtökum sveitarfélaga og það rætt á samráðsfundi þeirra og stýrihópsins 10. mars. Stefnt er að því að senda frumvarpið til forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsmálaráðuneytis eigi síðar en 13. mars.

4. Samráðsfundur 10. mars 2015

Boðað hefur verið til samráðsfundar stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga þriðjudaginn 10. mars frá kl. 11.00-15.00 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Að höfðu samráði við framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna verður dagskráin þessi:

- Frumvarp til laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir og breyting á lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun. Formaður.
- Uppgjör vegna samninga síðasta árs (2014). Verkefnisstjóri.
- Rammi að sóknaráætlun landshluta 2015-2019. Verkefnisstjóri.
- Verklagsreglur uppbyggingarsjóða. Fulltrúi landshlutasamtaka.
- Samningar. Fulltrúi landshlutasamtaka.
- Umsóknareyðublöð. Fulltrúi landshlutasamtaka.

5. Önnur mál

a) Lógó fyrir sóknaráætlanir landshluta

Framhald frá síðasta fundi. Sýndar voru tvær tillögur að lógói. Lógóið sem varð fyrir valinu samanstendur af átta sexhyrningum sem vísar til landshlutanna átta.

b) Fjarfundabúnaður

Rætt var lítillega um fjarfundabúnað í ráðuneytum sem er í mörgum tilfellum ekki fullnægjandi. Umræðu frestað til betri tíma.

c) Næsti fundur

Næsti fundur var ekki fastsettur en ákveðið að stýrihópurinn gæti staðfest verklagsreglur vegna úthlutana úr uppbyggingarsjóðum í skriflegu ferli með tölvupóstsamskiptum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.35.